

Ed.

366. Frumvarp til laga

[204. mál]

um Ljósmeðraskóla Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983.)

1. gr.

Ríkið rekur skóla er hefur það hlutverk að veita nemendum sínum menntun til þess að gegna ljósmóðurstörfum á Íslandi. Hann skal rekinn í sambandi við Kvennadeild Landspítalans.

2. gr.

Skólinn heitir Ljósmeðraskóli Íslands og starfar undir stjórn heilbrigðis- og tryggingaráðherra.

3. gr.

Ráðherra skipar fimm manna skólanefnd. Einn skal skipaður án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar. Hinir fjórir skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu: stjórnarnefndar ríkisspítalanna, Ljósmeðrafélags Íslands, Félags fæðingarlækna og nemenda skólans.

Skipunartími skólanefndar skal vera fjögur ár, nema fulltrúa nemenda, sem skal skipa til eins árs í senn.

Skólanefnd skal vera skólastjóra til ráðuneytis um stjórn og rekstur skólans.

4. gr.

Ráðherra skipar skólastjóra og skal hann vera fæðingarlæknir eða ljósmóðir, sem einnig hefur lokið BS-prófi í hjúkrunarfræði.

5. gr.

Inntökuskilyrði skólans eru að umsækjandi skal hafa lokið prófi í hjúkrunarfræði og hlotið hjúkrunarleyfi frá heilbrigðisráðuneytinu.

6. gr.

Námtími skólans er tvö skólaár. Að loknu námi skal nemandinn hljóta prófskírteini frá skólanum og starfsheitið ljósmóðir með þeim réttindum og skyldum er því fylgir lögum samkvæmt.

7. gr.

Í reglugerð skulu vera ákvæði um menntun kennara og skólastjóra, fjölda nemenda, námsefni og kennslutilhögun, próf og vitnisburði og réttindi og skyldur nemenda.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög um Ljósmeðraskóla Íslands nr. 35 frá 20. maí 1964.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með bréfi dagsettu 21. október 1980 skipaði heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið nefnd til þess að endurskoða lög um Ljósmeðraskóla Íslands nr. 35 frá 20. maí 1964.

Í nefndinni áttu sæti:

Ingibjörg R. Magnúsdóttir, deildarstjóri, formaður,

Sigurður S. Magnússon, prófessor, skólastjóri Ljósmeðraskóla Íslands,

Kristín Tómasdóttir, yfirljósmóðir,

Eva Einarsdóttir, hjúkrunarfræðingur og ljósmóðir og

Vilborg Einarsdóttir, ljósmóðir, formaður Ljósmeðrafélags Íslands.

Nefndin lauk störfum og skilaði tillögum sínum 19. janúar 1981.

Tillögur nefndarinnar voru sendar menntamálaráðuneytinu til athugunar, sem gerði á þeim lítilsháttar breytingar.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Parfnast ekki skýringa.

Um 2. gr.

Ljósmæðraskóli Íslands hefur starfað undir stjórn heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og verður áfram rekinn í tengslum við Kvennadeild Landspítalans.

Um 3. gr.

Sérstök skólanefnd skipuð af ráðherra skv. tillögum frá ákveðnum aðilum fer með stjórn skólans. Áður hafði stjórnarnefnd ríkisspítalanna séð um reksturinn.

Um 4. gr.

Skólastjóri skal vera fæðingarlæknir eða ljósmóðir sem einnig hefur lokið BS-prófi í hjúkrunarfræði, en samkvæmt eldri lögum var yfirlæknir fæðingardeildar Landspítalans skólastjóri.

Um 5. gr.

Gert er að inntökuskilyrði í skólann að umsækjandi hafi lokið prófi í hjúkrunarfræði. Með þessu ákvæði verður grundvallarbreyting á námi og skipulagi Ljósmæðraskóla Íslands.

Um 6. gr.

Þótt inntökuskilyrði í skólann séu þyngd er gert ráð fyrir að skólinn sé tvö skólaár og að loknu prófi hljóti nemendur starfsheitið ljósmóðir.

Um 7. og 8. gr.

Parfnast ekki skýringa.